



Aðalnámskrá grunnskóla

ALMENNUR HLUTI

**Aðalnámskrá grunnskóla
Almennur hluti**

**Menntamálaráðuneytið
2006**

Menntamálaráðuneytið: námskrár

desember 2006

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið

Sölvhólsögötu 4

150 Reykjavík

Sími: 545 9500

Bréfasími: 562 3068

Netfang: postur@mrn.stjr.is

Veffang: menntamalaraduneyti.is

@ 2006 Menntamálaráðuneytið

ISBN 10 9979-777-35-4

ISBN 13 978-9979-777-35-9

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Grunnskólinn.....	5
Uppbygging grunnskólanáms	5
Tengsl leikskóla og grunnskóla	5
Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla	6
Inntökuskilyrði í framhaldsskóla	7
Hlutverk og markmið grunnskóla	8
Almenn menntun	8
Jafnrétti til náms	9
Starfshættir í grunnskólum	9
Hlutverk aðalnámskrár grunnskóla	10
Sömu markmið fyrir alla.....	11
Markmið og markmiðssetning.....	11
Skólanámskrá.....	12
Kennslutími.....	13
Viðmiðunarstundaskrá.....	13
Val og valgreinar	14
Kennsla og kennsluhættir.....	15
Námsgögn.....	15
Námsmat	16
Aðferðir við námsmat.....	16
Samræmd og stöðluð próf.....	17
Notkun niðurstaðna.....	17
Mat á skólastarfi.....	18
Sjálfsmat	18
Viðmið fyrir sjálfsmat.....	19
Ytra mat og úttektir á skólastarfi	20
Úttektir á sjálfsmatsaðferðum.....	20
Tengsl heimila og skóla	20
Upplýsingamiðlun	21
Foreldrafélög.....	21
Foreldraráð.....	21
Velferð nemenda.....	22
Undanþágur frá aðalnámskrá	24

INNGANGUR

Hinn 1. janúar 2007 tekur gildi breyting á lögum um grunnskóla nr. 66/1995 sem samþykkt var á Alþingi vorið 2006. Meðal helstu breytinga eru ákvæði sem stuðla að auknu sjálfstæði skóla, meiri sveigjanleika í skipulagi náms og kennslu, áherslu á einstaklingsmiðaða kennslu og samfellu í námi á milli skólastiga. Um er að ræða stefnumarkandi breytingar sem taka mið af þróun í skólastarfi á undanförunum árum.

Í kjölfar þessara lagabreytinga fór fram endurskoðun á almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla á árinu 2006. Í þeirri endurskoðun voru einungis gerðar lágmarksbreytingar enda er nú unnið að heildarendurskoðun á aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Í almenna hluta aðalnámskrár grunnskóla, sem fer hér á eftir, er í fyrsta lagi gerð sú breyting á viðmiðunarstundaskrá að vikustundir nemenda eru settar fram í mínútum í samræmi við fyrrgreindar lagabreytingar. Einnig er gerð sú breyting að lágmarkskennslutími á viku í hverri námsgrein miðast við áfanga grunnskólans í stað ára. Þannig segir viðmiðunarstundaskrá til um vægi námsgreina innbyrðis og fjölda kennslustunda á einstökum námssviðum sem hver nemandi á rétt á í 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Á þennan hátt er stuðlað að auknum sveigjanleika til að auka sjálfstæði skóla við skipulag náms og kennslu og nálgast þarfir hvers og eins.

Í öðru lagi er lagður stefnumótandi grunnur að breyttri framsetningu þrepamarkmiða í endurskoðuðum greinanámskrám. Verða þrepamarkmið birt í viðauka sem dæmi um útfærslu sem skólar geta haft til viðmiðunar. Þau eru því ekki bindandi fyrir skólann. Þessi breyting á að gefa skólum aukið tækifæri til að útfæra áfangamarkmið aðalnámskrár miðað við eigin stefnu og áherslur í kennslu. Gert er ráð fyrir að skólar birti þrepamarkmið í skólanámskrá.

Í þriðja lagi eru gerðar breytingar á orðalagi í texta aðalnámskrár í samræmi við fyrrgreind lög sem taka gildi 1. janúar 2007.

Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er fyrsti hluti námskrárinnar en greinahlutar hennar verða gefnir út hver af öðrum í endurskoðaðri útgáfu aðalnámskrár grunnskóla á árinu 2007. Aðalnámskrá grunnskóla er nú í fyrsta sinn eingöngu gefin út rafrænt.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra

GRUNNSKÓLINN

Samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, er grunnskólinn 10 ára skóli. Almennt er gert ráð fyrir að nemendur hefji nám árið sem þeir verða sex ára. Lögin heimila þó að í vissum tilvikum geti nemendur byrjað fyrr eða seinna. Af þessu leiðir að langflestir nemendur ljúka grunnskólanámi á því ári sem þeir verða sextán ára.

Frá árinu 1996 hafa sveitarfélög borið meginábyrgð á skólahaldi og framkvæmd grunnskólalaga. Grunnskólinn er skyldunám og er hverju sveitarfélagi skylt að sjá öllum börnum á aldrinum 6–16 ára, sem þar eiga lögheimili, fyrir skólavist. Lögin kveða á um það að skólaárið skuli ná yfir níu mánuði og að nemendur skuli njóta 170 kennsludaga að lágmarki.

Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á því að nemendur innritist í grunnskóla og sæki skólann og skólanefnd fylgist með því að öll skólaskyld börn njóti lögboðinnar fræðslu. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli ber skólanefnd að hafa afskipti af málinu.

Lög um grunnskóla gefa sveitarfélögum og skólum verulegt svigrúm til að skipuleggja nám í samræmi við þarfir og aðstæður á hverjum stað en meginstefnan, sem kemur fram í lögum og aðalnámskrá, er sú að allir nemendur eigi þess kost að stunda nám í heimaskóla sínum.

Uppbygging grunnskólanáms

Kennsla í grunnskólum er í flestum tilvikum skipulögð þannig að nemendum í sama árgangi er skipað saman í bekki. Skipulag kennslu innan árganga og milli árganga er í höndum einstakra skóla og fer það eftir aðstæðum á hverjum stað. Meginreglan er sú að nemendur færast á milli bekkja eftir því sem aldur þeirra segir til um og miðað við þarfir einstakra nemenda.

Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem grunnskólum ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og námssviðum. Sveitarfélög og skólar geta ráðstafað frjálst hluta þess lágmarkstíma sem nemendur eiga rétt á og geta auk þess boðið lengri skólatíma en lögboðið lágmark segir til um. Í 8., 9. og 10. bekk er þetta svigrúm allt að þriðjungi af þeim tíma sem námskráin tiltekur. Gert er ráð fyrir að í þessum bekkjum fái nemendur tækifæri til að velja milli námsgreina og námssviða.

Námsgreinar eru áberandi í skipulagi kennslu í grunnskólum þótt erfitt sé að greina skýr mörk milli námsgreina í yngstu bekkjunum þar sem einn og sami kennarinn kennir flestar námsgreinar. Eftir því sem á skólagönguna líður eykst sérhæfing kennslunnar og í efstu bekkjum er kennslan að mestu í höndum greinakennara.

Í 4. bekk, 7. bekk og í lok 10. bekkjar eru haldin samræmd próf. Menntamálaráðuneytinu ber samkvæmt lögum skylda til að sjá til þess að samræmd próf séu haldin. Öllum nemendum í 4. og 7. bekk er skylt að gangast undir samræmd próf í íslensku og stærðfræði með vissum undantekningum. Þetta á t.d. við um nýbúa og heyrnarlausu. Samræmdu prófin í 10. bekk eru valfrjáls. Sérstök stofnun annast framkvæmd samræmdra prófa, samningu, yfirferð og úrvinnslu þeirra.

Tengsl leikskóla og grunnskóla

Meginhlutverk leikskóla er að skapa umhverfi og aðstöðu til uppeldis og þroska þar sem hlúð er að líkamlegri og andlegri vellíðan barna.

Langflest börn hafa verið í leikskóla um lengri eða skemmri tíma áður en grunnskólagangan hefst. Leikskólinn býr börnin undir nám í grunnskóla á ýmsan hátt. Í leikskólum hafa börnin lært og þroskast gegnum leik og annað skipulagt uppeldisstarf. Þau hafa styrkt sjálfsmynd sína, öðlast sjálfstæði og lært að vinna saman. Ýmis viðfangsefni í leikskólum, sem tengjast íslensku, stærðfræði, náttúruskoðun, tónlist, myndlist og hreyfingu, hafa gildi í sjálfu sér sem þroskandi glíma við daglegt líf og umhverfi en stuðla jafnframt að undirbúningi undir formlegt nám í grunnskóla.

Mikilvægt er að leikskólar og grunnskólar efli tengsl sín á milli og komi á sambandi og samstarfi milli leikskólakennara sem hafa umsjón með elstu börnunum í leikskóla og grunnskólakennara sem taka við þeim í fyrsta bekk grunnskóla. Það er augljóslega hagur barnanna að kennarar á báðum þessum skólastigum séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hver annars. Því færra sem kemur börnunum og foreldrum og forráðamönnum þeirra á óvart þegar skipt er um skóla og vinnustað, því betri samfella sem er á milli skólastiganna því meiri líkur eru á farsælu upphafi grunnskólagöngunnar. Brýnt er að foreldrum og forráðamönnum sé ljóst á hvern hátt grunnskóli er frábrugðinn leikskóla, hvaða nýjar kröfur eru gerðar til þeirra og barna þeirra, hver er réttur þeirra og hvaða vinnubrögð og skyldur mæta börnunum á nýjum vinnustað.

Auk samvinnu skólastjóra og kennara leikskóla og grunnskóla geta gagnkvæmar heimsóknir barnanna stuðlað að hnökralausri færslu milli skólastiga. Leikskólabörn geta haft mikið gagn af að heimsækja væntanlegan grunnskóla þar sem þau fá tækifæri til að kynnst skólastofu, leikvelli, kennurum og nemendum. Á sama hátt getur heimsókn sex ára barna í gamla leikskólann sinn orðið til þess að styrkja tengsl leikskóla og grunnskóla. Ekki er síður gagnlegt fyrir foreldrafélög eða foreldrahópa á báðum skólastigum að hafa samvinnu og samráð sín á milli.

Grunnskólinn þarf einnig að huga að skólabyrjun barna sem ekki eru í leikskólum. Kynna þarf skólann fyrir þeim og foreldrum og forráðamönnum þeirra, útskýra hvers er að vænta, hvaða kröfur eru gerðar í upphafi skólagöngu og hvernig skólinn hyggst styðja við uppeldi og sinna námi og kennslu.

Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla

Langflestir nemendur hefja nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Um ýmsa kosti er að velja. Nemendur geta valið bóknámsbraut, listnámsbraut, starfsnámsbraut, almenna braut eða starfsbraut framhaldsskóla.

Til þess að komast inn á tiltekna brautir þarf að standast þær kröfur sem gerðar eru um undirbúning. Inntökuskilyrði segja til um lágmarksárangur sem þarf í lykilgreinum einstakra brauta. Inntökuskilyrðin miðast bæði við frammistöðu á samræmdum prófum og einkunnir sem skólinn gefur.

Það er afar mikilvægt að nemendum sé ljóst strax í 8. bekk hvað tekur við að loknum grunnskóla til þess að þeir geti nýtt sér valkosti sem þeim bjóðast í 8., 9. og 10. bekk. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að í þeim bekkjum fái nemendur að ákveða sjálfir í samráði við foreldra og kennara og með tilliti til framtíðaráforma á hvað þeir leggja áherslu í námi sínu. Nemandi, sem t.d. hyggst fara á málabraut, á að geta lagt aukna áherslu á erlend mál með því að leggja stund á 3. erlenda málið í grunnskóla. Hann á líka að eiga þess kost að velja t.d. náttúrufraeði eða listgreinar til að breikka menntun sína og reynslu áður en kemur að sérhæfingu framhaldsskólans. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að nemendur geti varið allt að þriðjungum námstímans í 8., 9. og 10. bekk í valfrjálst nám.

Með auknu valfrelsi nemenda í 8., 9. og 10. bekk er stuðlað að því að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu. Þeir þurfa að horfa fram á veginn, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið grunnskóla með mismunandi áherslum. Mismunandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla og val í 8., 9. og 10. bekk leiðir til þess að nemandinn ákveður sjálfur hvaða samræmd próf hann tekur, allt eftir því hvert hann stefnir í framhaldsnámi.

Inntökuskilyrði í framhaldsskóla

Inntökuskilyrði fela í sér að nemandi þarf að hafa náð tilteknum lágmarksárangri í vissum greinum til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla aðrar en almenna braut. Við ákvörðun inntökuskilyrða er tekið tillit til námsárangurs bæði á samræmdum prófum og skólaprófum.

Á þessum forsendum eru sett eftirfarandi inntökuskilyrði:

- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Grunnskólanemendum sem hafa til þess námsgetu og þess óska er mögulegt að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum. Einnig skal þeim grunnskólanemendum sem þess óska og hafa til þess námsgetu auðveldað að stunda nám á báðum skólastigum samtímis.
- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla en hafa ekki þreytt samræmd grunnskólapróf eða uppfylla ekki inntökuskilyrði annarra brauta eiga kost á að hefja nám á starfsbraut eða á almennri braut. Á almennri námsbraut geta nemendur m.a. valið stutt, hagnýtt nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa, nám sem gefur þeim kost á að bæta fyrri námsárangur í bóklefum greinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum sem gera kröfur um góðan undirbúning í einstökum námsgreinum svo og nám sem nemendur skilgreina sjálfir í samræmi við áhugamál sín í samstarfi við námsráðgjafa og foreldra og forráðamenn.
- Nemandi, sem lokið hefur skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, þ.m.t. samræmdum prófum a.m.k. í íslensku og stærðfræði og fengið tilskilda lágmarkseinkunn eða hærri viðmiðunareinkunn í þessum greinum, getur innritast á skilgreindar brautir framhaldsskólans svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í öðrum greinum.
- Til að hefja nám á bóknámsbraut framhaldsskóla þarf nemandinn að uppfylla kröfur um viðmiðunareinkunn í ákveðnum lykilgreinum sem tilgreindar eru fyrir hverja braut.
- Skólameistari getur heimilað nemanda, sem uppfyllir ekki inntökuskilyrði brautar, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að nemandinn standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur á brautinni enda hafi nemendum, sem uppfylla inntökuskilyrðin, ekki verið hafnað. Auk þess er skólameistara heimilt skv. 15. gr. laga um framhaldsskóla að veita nemanda, sem orðinn er 18 ára gamall, inngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.
- Vilji nemandi tryggja sér rétt til náms á öllum námsbrautum þarf hann að ná viðmiðunareinkunn í öllum námsgreinum sem prófað er í samræmt við lok grunnskóla.

HLUTVERK OG MARKMIÐ GRUNNSKÓLA

Í grunnskólanum skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum og forráðamönnum. Hlutur grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu.

Menntakerfið á að vera sveigjanlegt til að mæta nýjungum og breyttum kröfum. Höfuðskylda þess er þó að veita nemendum góða, alhliða menntun. Almenn menntun er besta veganesti sérhvers einstaklings. Einstaklingurinn verður strax á unga aldri að búa sig undir þá staðreynd að menntun er æviverk. Námskrá verður heldur aldrei sett í eitt skipti fyrir öll. Þarfir og aðstæður breytast. Breytingar á fjölskyldu- og heimilislífi og í atvinnulífi kunna að gera nýjar og breyttar kröfur til skólanna.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu. Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt.

Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili. Aðalnámskrá grunnskóla lýsir helstu áhersluatriðum í menntun barna og unglunga á skólaskyldualdri.

Almenn menntun

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar. Almenn menntun á að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum. Í síbreytilegu umhverfi samtímans reynir á hæfni til þess að bregðast við nýjum aðstæðum, takast á við og tileinka sér nýjungar og framfarir á öllum sviðum. Í grunnskólum ber að efla með nemendum sjálfstraust og heilbrigðan metnað. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli í námi. Þeir þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar og geta borið ábyrgð á gerðum sínum.

Almenn menntun á að stuðla að umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Í grunnskólum ber að efla heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, virðingu, náungakærleik og verðmætamat. Fjölbreytni í kennsluháttum og heilbriggt félagslíf stuðlar m.a. að þessum markmiðum. Almenn menntun felur í sér að leggja, í samvinnu við heimilin, rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur, að efla siðferðisvitund og stuðla að ábyrgri umgengni við allt líf og umhverfi.

Í grunnskólum ber að efla menningarvitund Íslendinga og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Almenn menntun á að skapa tækifæri til listnáms. Auk þess að vera

Þáttur í að stuðla að allhliða þroska nemenda er með listnámi lagður grunnur að skapandi þætti lista og að rækta hæfileika til þess að njóta menningar og lista.

Almenn menntun á að styrkja einstaklinga til þess að átta sig á eigin stöðu í samfélaginu og að geta tengt þekkingu og færni við daglegt líf og umhverfi. Þessar skyldur skólans falla m.a. undir hugtakið lífsleikni og miða að því, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, efla borgaravitund og skilning á réttindum einstaklingsins, ábyrgð hans og skyldum. Einnig að dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því. Þar má nefna skilning á sögulegum forsendum samfélagsins, atvinnuháttum, menningu, náttúru, fjölskylduábyrgð og fjármálaskyldum. Undir þetta falla einnig skyldur skólans til þess að stuðla að forvörnum gegn hvers konar vá með fíknivörnum, slysavörnum og umferðarfræðslu.

Jafnrétti til náms

Eitt grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni skulu höfð jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti. Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.

Grunnskólinn skal stuðla að menntun hvers og eins. Skólinn þarf að búa nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur með því að leggja áherslu á vinnubrögð sem þroska félagslega færni og skipulags- og samskiptahæfni. Veita skal nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

Leggja skal grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til heilbrigðs samstarfs og samkeppni við aðra. Einnig er mikilvægt að nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar og kunni jafnframt að virða tilfinningar annarra og tjáningu þeirra, óháð uppruna, kyni, búsetu, trú, kynhneigð eða fötlun.

Starfshættir í grunnskólum

Til að standa undir þeim skyldum sem markmiðsgrein grunnskólalaga (2. gr.) setur, þ.e. að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi, verður skólinn að bjóða fram metnaðarfull námstækifæri við hæfi allra nemenda. Í því felst m.a. að skólar verða að leggja áherslu á að byggja sérhvern nemanda upp sem heilsteyptan einstakling með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám og búa hann undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og félagslífi. Í þessu skyni verður skólinn að bjóða margvísleg en jafngild námstækifæri þannig að komið sé til móts við sérstöðu einstaklinga. Hver nemandi á að geta fundið nám við sitt hæfi sem eflir hann og þroskar.

Grunnskólinn skal stuðla að því að nemendur temji sér víðsýni og efla skilning sinn á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum, skyldum einstaklingsins við samfélagið og rétti hans innan þess.

Forsenda lýðræðis er meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem er fær um virka þátttöku í opnu og frjálsu þjóðfélagi. Hin siðferðilegu gildi samfélagsins verða að endurspeglast í öllu skólastarfi. Umfjöllun um siðfræðileg gildi og forsendur þeirra á heima í öllum námsgreinum.

Starfshættir í grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristins siðgæðis og umburðarlyndis. Helstu gildi lýðræðislegs samstarfs eru: jafngildi allra manna, virðing fyrir einstaklingum og samábyrgð. Helstu gildi kristins siðgæðis, sem skólinn á að miðla og mótast af, eru: ábyrgð, umhyggja og sáttfýsi. Umburðarlyndi tengist lýðræðinu og kristnu siðgæði og byggist á sömu forsendum. Það verður að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur.

Í samvinnu við heimilin ber að leggja áherslu á það í grunnskólum að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Með því er átt við hvers kyns framkomu, verknað og orðræðu sem snertir samskipti við aðra nemendur, kennara, annað starfsfólk skóla og aðra sem nemendur umgangast. Á sama hátt ber kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að vera nemendum fyrirmynd um þessi atriði.

Áhersla er lögð á að notkun upplýsingatækni sé sjálfsgagt hjálpertæki í öllum námsgreinum. Í sérhverri námsgrein verður að nýta þau tækifæri sem upplýsingatæknin gefur til að ná markmiðum greinarinnar.

Allir kennarar eru íslenskukennarar, hvaða grein sem þeir kenna. Leggja ber áherslu á að þjálfun í notkun íslensku er lykill að árangri í öllu námi.

Þau grundvallaratriði, sem fjallað er um í þessum kafla, fela í sér að lögð skal rækt við ýmis almenn, uppeldisleg markmið í skólastarfinu. Almenn uppeldis- og menntunarmarkmið grunnskólans ná ekki fram að ganga nema hugað sé sérstaklega að þeim markmiðum sem ganga eins og rauður þráður gegnum allt skólastarf en eru ekki flokkuð undir einstakar námsgreinar eða námssvið. Allar námsgreinar og kennsla verður að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð. Ekki þarf síður að hafa þessi markmið að leiðarljósi á öðrum sviðum skólastarfsins svo sem í frímínútum og skólaferðum, í starfi nemendaráða og félags- og tómstundastarfi og samskiptum umsjónarkennara við nemendur sem hann hefur umsjón með.

HLUTVERK AÐALNÁMSKRÁR GRUNNSKÓLA

Í aðalnámskrá grunnskóla er að finna nánari útfærslu á ákvæðum laga og reglugerða um nám og kennslu í grunnskóla. Aðalnámskrá tekur til allra nemenda og setur sameiginleg markmið náms og kennslu í öllum grunnskólum landsins. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk grunnskólans og sett fram meginstefna um kennslu og kennsluskipan. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða er hluti af aðalnámskrá.

Aðalnámskrá er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og gegnir margvíslegu hlutverki. Hún er allt í senn, stjórnþæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirsmáli fræðslufirvalda um að ákveðinni skólustefnu sé framfylgt og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu. Aðalnámskrá er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar.

Aðalnámskrá er ætlað að þjóna mörgum aðilum. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur og starfsmenn grunnskóla. Hún er jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsgagnagerð og kennaramenntun og grundvöllur skólanámskráargerðar, sjálfsmats skóla og þróunarstarfs. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra og forráðamenn til þess að þeir geti fylgst grannt með vinnubrögðum og árangri skólastarfsins og velferð og líðan nemenda.

Sömu markmið fyrir alla

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að þorri nemenda eigi að geta náð flestum markmiðum námskrárinnar á sama tíma. Ljóst er þó að einhver hluti nemenda ræður vel við fleiri og flóknari markmið en aðrir þurfa lengri tíma og laga þarf námið sérstaklega að þeim. Markmið aðalnámskrár eiga því hvorki að skodast sem hámark né lágmark. Það er skylda hvers skóla að laga námið sem best að hverjum einstaklingi. Nemendur eiga rétt á viðfangsefnum sem henta námsgetu þeirra og hæfni.

Í skóla án aðgreiningar skal leitast við að gera fötluðum nemendum, langveikum og nemendum, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, kleift að stunda nám við skólann eftir því sem tök eru á. Sama gildir um nemendur með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausa nemendur. Í aðalnámskrá grunnskóla eru sett ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig eru ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta nemendur og táknmálskennslu fyrir heyrnarlausa. Mjög duglegir nemendur, afburðanámsmenn og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga líka rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ýtrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám.

Margir nemendur með sértæka námsörðugleika eiga í erfiðleikum með að ná tökum á lestri. Til að koma til móts við þennan vanda og aðra námsörðugleika er nauðsynlegt að meta sérþarfir nemenda með öflugri skimun og greiningu sem allra fyrst á skólagöngunni. Í ljósi slíkrar greiningar getur skólinn, í samvinnu við forráðamenn nemandans, brugðist við á markvissan hátt. Í aðalnámskrá grunnskóla eru settar fram skýrar kröfur til skóla um greiningu á lestrarörðugleikum. Þessir nemendur eiga einnig rétt á því að tekið sé tillit til lestrarörðugleika þeirra við próf og annað námsmat.

Markmið og markmiðssetning

Skýr markmið eru grundvallarþáttur skólastarfs. Markmið eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og forsenda áætlanagerðar um nám og kennslu. Þau stýra kennslunni og námsmatinu og eru grundvöllur mats á gæðum skólastarfs.

Skýr framsetning markmiða er undirstaða þess að allir leggi í þau sama skilning þar sem þau eru viðmið í öllu skólastarfi. Markmið aðalnámskrár eru sett fram með þetta að leiðarljósi. Í þeim felst skólastefna, þau eru nemendamiðuð og segja til um hvaða færni og þekkingu nemendur eiga að hafa tileinkað sér við ákveðin skil í grunnskólanámi og hvernig nemendur geti sem best búið sig undir að vera þátttakendur í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þau taka til alhliða þroska nemandans, allra þátta námsgreina og einnig til þverfaglegra þátta sem eru sameiginlegir öllum námsgreinum. Markmið námsgreina eða skyldra námssviða eru gefin út í sérstökum greinanámskrám sem ásamt almennum hluta mynda aðalnámskrá grunnskóla. Í námskrám um einstakar námsgreinar eða námssvið er að finna rök fyrir nauðsyn greinarinnar í grunnskóla og lýst stöðu hennar og hlutverki. Sett eru fram

lokamarkmið greinarinnar sem eiga að lýsa í meginatriðum hvaða kunnáttu, skilnings og færni er krafist af nemendum almennt að loknu grunnskólanámi í greininni og sett eru fram markmið við ákveðin skil í náminu.

Markmið aðalnámskrár grunnskóla eru sett fram í tveimur meginflokkum:

- Lokamarkmið
- Áfangamarkmið

Auk þess eru birt þrepamarkmið í viðauka með námskrám einstakra greina. Um er að ræða dæmi um útfærslu þrepamarkmiða sem er ekki bindandi fyrir skólann.

Eðli lokamarkmiða er að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu einstakra námsgreina í grunnskólanum. Lokamarkmið skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Í námskránni eru lokamarkmið greind niður í áfangamarkmið. Áfangamarkmið eru sett fram sem nákvæmari útlistun á lokamarkmiðum.

Áfangamarkmið eru meginviðmið í öllu skólastarfi. Í fyrsta lagi er um að ræða áfangamarkmið fyrir nám í 1.-4. bekk, í öðru lagi fyrir nám í 5.-7. bekk og að síðustu áfangamarkmið fyrir nám í 8.-10. bekk. Þau mynda einnig grundvöll lögbodinna samræmdra prófa í grunnskóla auk þess að vera viðmið við skólanámskrágerð, í þróunarstarfi, við námsgagnagerð og mat á skólastarfi.

Þrepamarkmið eru safn markmiða eða viðfangsefna til að ná settum áfangamarkmiðum og eiga að mynda stígandi í náminu, allt frá upphafi grunnskóla til loka. Í viðauka í námskrám fyrir einstaka námsgreinar eru birt dæmi um útfærslu þrepamarkmiða sem skólar geta haft til viðmiðunar kjósi þeir það. Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir þrepamarkmið einstakra námsgreina.

SKÓLANÁMSKRÁ

Samkvæmt lögum skal árlega gefa út skólanámskrá í hverjum skóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir því að hún sé unnin, gefin út og kynnt. Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla en jafnframt gefur hún kost á að laga fyrir mæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum, draga þessi sérkenni fram og nýta þau til eflingar námi og kennslu. Vönduð skólanámskrá er ein forsenda þess að markmiðum aðalnámskrár verði náð og skólar njóti trausts.

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð megináhersla á að námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og skóla. Sömu kröfur eru gerðar til skólanámskrár. Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið en það er aftur á móti hvers skóla að útfæra þau nánar í skólanámskrá bæði með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist. Í skólanámskrá birtist stefna skólans og þau gildi sem hún grundvallast á og hvernig skólinn útfærir ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár, skipulag kennslu og kennsluhætti. Einnig skal fjalla þar um sjálfsmatsáætlun og tilhögun námsmats.

Í skólanámskrá birtir skólinn einnig starfsáætlun sína og þær verklagsreglur sem í gildi eru í skólanum, t.d. varðandi umgengni og aga, slysavarnir og heilsugæslu. Einnig þarf að koma fram hvernig staðið er að námsráðgjöf fyrir nemendur og stuðningi af ýmsu tagi. Í skólanámskrá þarf að koma fram lýsing á samsetningu námshópa og bekkjaskipan og rök skólans fyrir þeirri skipan. Jafnframt hvernig skólinn hyggst stuðla að jákvæðum og lýðræðislegum skólabrag.

Brýnt er að skóli rækti tengsl við ýmsa aðila utan skólans. Því þarf að lýsa í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst vinna með heimilum. Einnig hvernig samstarfi er háttað með félögum, s.s. æskulýðs- og íþróttafélögum, stofnunum, fyrirtækjum og öðrum aðilum utan skólans að því sameiginlega verkefni að veita öllum nemendum haldgóða menntun. Í skólanámskrá þarf m.a. að koma fram áætlun skólans um tengsl við önnur skólastig, við atvinnulífið, áætlun um starfsfræðslu og námskynningar og alþjóðlegt samstarf.

Við framsetningu markmiða í aðalnámskrá er miðað við að þorri nemenda nái þeim markmiðum á svipuðum tíma. Hins vegar er ljóst að sumir nemendur ná settum markmiðum á mun skemmri tíma, aðrir þurfa lengri tíma. Í skólanámskrá þarf að koma fram hvernig skólinn hyggst mæta mismunandi þörfum nemenda.

Skylt er að leggja skólanámskrá fyrir foreldraráð skólans til umsagnar ár hvert með góðum fyrirvara auk þess að kynna hana fyrir nemendaráðum. Að loknu umsagnarferli skal skólanámskrá lögð fyrir skólanefnd til samþykktar.

KENNSLUTÍMI

Grunnskólalög segja til um þann lágmarkstíma sem nemendur eiga að vera í skóla.

Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga nemendur í 1.–4. bekk rétt á 1200 mínútum á viku yfir árið miðað við níu mánaða skólatíma á ári, nemendur í 5.–7. bekk eiga rétt á 1400 mínútum á viku og nemendur í 8.–10. bekk 1480 mínútum. Sveitarfélög geta boðið nemendum lengri viðveru í skóla utan daglegs skólatíma.

Einnig er í lögum skilgreindur sá lágmarkstími sem nemendur eiga rétt á og skipt er niður á skyldunámsgreinar í svokallaðri viðmiðunarstundaskrá.

Viðmiðunarstundaskrá

Viðmiðunarstundaskrá segir til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan lágmarkskennslutíma á einstökum námssviðum sem hver nemandi á rétt á (í 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk). Gert er ráð fyrir að skólar hafi svigrúm til að skipta lágmarkstímum á hverju námssviði á milli ára innan hvers tímabils. Skal skipulag og skipting kennslutíma fyrir hvert námssvið birt í skólanámskrá, enda sé skipulag á milli ára í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla fyrir einstakar námsgreinar og námssvið.

Námssvið	1.-4. bekkur (mín)	5.-7. bekkur (mín)	8.-10. bekkur (mín)	Vikulegur kennslutími alls í mínútum
Danska		120	440	560
Enska	40	240	400	680
Heimilisfræði	160	240	80	480
Hönnun og smíði	160	120	40	320
Íslenska	960	600	600	2160
Íþróttir – líkams- og heilsurækt	480	360	360	1200
Listgreinar	640	480	160	1280
Lífsleikni	40	120	120	280
Náttúrufræði og umhverfismennt	320	360	360	1040
Samfélagsgreinar og kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	480	440	280	1200
Stærðfræði	800	600	600	2000
Upplýsinga- og tæknimennt	160	120	40	320
Val	560	400	960	1920
Vikustundir alls	4800	4200	4440	13440

Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög ákveða. Ætlast er til að skólar geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þessum tíma. Heimilt er að nota hann til að auka kennslu í skyldunámsgreinum. Einnig má nýta hann til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla. Þótt gert sé ráð fyrir að hlutfallslega fleiri tímar séu nýttir í valgreinar í 8., 9. og 10. bekk geta skólar breytt vægi valgreina og skyldunámsgreina á milli þessara ára.

Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir kennslu þessara námssviða í 8.-10. bekk. Í heimilisfræði, listum og smíðum eru sett fram áfangamarkmið fyrir 8.-10. bekk og gert er ráð fyrir að tímamagn samkvæmt viðmiðunarstundakrá miðist fyrst og fremst við 8. bekk. Skólar hafa þó frelsi til að skipuleggja kennslu á annan hátt.

Í fyrsta sinn er gert ráð fyrir enskukennslu í 1.-4. bekk.

Val og valgreinar

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Ætlast er til að í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla sé nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra og forráðamenn, kennara og námsráðgjafa.

Skólar skulu gera grein fyrir tilhögun valgreina í skólanámskrá að fengnu samþykki sveitarstjórnar og kynna nemendum og foreldrum og forráðamönnum. Þar skal skilgreina og skýra markmið valgreina sem boðnar eru fram, leggja fram kennsluáætlanir, yfirlit yfir námsefni og ákvarðanir um námsmat. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að

meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla enda njóti námið viðurkenningar.

Með valfrelsi vinnst einkum þrennt. Í fyrsta lagi er ekki horfið frá sjónarmiðum um nauðsyn almennrar menntunar á grunnskólastigi. Í öðru lagi er nemendum gefinn kostur á því með vali að nálgast tiltekin greinasvið eftir áhuga eða fyrirætlunum um framhaldsnám. Í þriðja lagi gefst nemendum kostur á að velja sig frá greinum eða námssviðum sem ekki höfða til þeirra eða minni þörf er á miðað við framtíðaráform.

Inntak valnáms í 8, 9. og 10. bekk má fella í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er um að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Í öðru lagi er val sem miðar að skipulegum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tækninám. Í þriðja lagi eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra eða stuðla að lífsfyllingu.

KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og öðlast skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf og ná leikni og færni á tilteknum sviðum. Kennsla miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Kennsla er því leið að fyrir fram settu marki.

Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Við val á kennsluáferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum einstakra nemenda og markmiðum í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri.

Kennsluáferðirnar og vinnubrögðin í skólanum verða að þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Markmiðum, sem lúta að eflingu félagsþroska, verður t.d. því aðeins náð að nemendur fái tækifæri til samvinnu. Markmiðum, sem lúta að því að þjálfar nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum, verður best náð með því að skipuleggja nám og kennslu og önnur samskipti út frá þeim.

Markmið skólastarfs eru margvísleg, allt frá markmiðum, sem varða afmarkaða þætti kunnáttu, leikni og viðhorfa, til langtímamarkmiða sem skólum er ætlað að sinna og einstaklingar halda áfram að vinna að eftir að skólagöngu lýkur. Grunnskólinn á að skila af sér sjálfstæðum nemendum sem hafa öðlast sjálfstraust og öryggi. Þeir eiga að kunna að læra, hafa kjark til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða, geta unnið með öðrum og kunna að tjá sig skýrt og skilmerkilega í töluðu og rituðu máli. Á þessa þætti ber að leggja áherslu í öllu starfi skólans allt frá upphafi skólagöngu. Val á kennsluáferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með nemendum námfýsi og vinnugleði. Kennsluáferðir skulu taka mið af jafnrétti og mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Námsgögn

Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmatið á allt að taka mið af settum markmiðum og vera þannig

útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ítrasta. Námsgögn gegna því mjög þýðingarmiklu hlutverki sem leið að markmiðum aðalnámskrár og skóla. Sem dæmi um námsgögn má nefna prentað efni, s.s. námsbækur, handbækur og leiðbeiningarrit af ýmsu tagi, myndefni ýmiss konar, s.s. ljósmyndir, kvikmyndir, myndbönd, veggspjöld, hljóðefni eins og hljómbönd og hljómdiska, tölvuforrit, efni á Netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegar kennslu o.fl.

Samkvæmt lögum eiga grunnskólanemendur að fá námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu í þeim námsgreinum sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Óheimilt er að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn eða annað sem þeim er gert skylt að nota í náminu samkvæmt aðalnámskrá. Einnig er óheimilt að krefja nemendur um greiðslu vegna vettvangsferða sem eru hluti af skyldunámi nemenda.

Aðalnámskráin er einnig leiðarljós námsgagnahöfunda og viðmiðun skóla við val á námsgögnum. Jafnframt er aðalnámskráin viðmiðun fyrir mat og úttektir á gæðum og notagildi námsgagna.

Námsgögn, sem sérstaklega eru gerð eða valin til notkunar í grunnskólum, verða að höfða til nemenda, vera aðlaðandi og áhugavekjandi, efni þeirra skýrt og skipulega fram sett og taka mið af því sem ætla má að nemendur hafi áður tileinkað sér. Námsgögn eiga að vera fjölbreytt og vönduð, auka þekkingu nemenda, dýpka skilning þeirra á sjálfum sér og umheiminum, þjálf þá í margvíslegum vinnubrögðum og stuðla að því að þeir móti sér heilbrigð og holl lífsviðhorf. Námsgögn, sem nýta upplýsingatækni, gera hvorttveggja í senn að miðla þekkingu og þjálf nemendur í vinnubrögðum sem nýtast þeim í lífi og starfi.

Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að taka mið af jafnrétti og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu.

NÁMSMAT

Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat miðar að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.

Námsmat á að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Aðferðir við námsmat

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans og skulu nemendur og foreldrar og forráðamenn nemenda fá sem gleggstar upplýsingar um námsárangur. Nemandi og foreldri og forráðamaður hafa einnig rétt á að skoða metnar prófúrlausnir nemanda sé þess óskað.

Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Mat á námi og framförum er því hluti skólastarfsins. Með námsmati er reynt að komast að því hvort nemandi hefur náð þeim markmiðum sem að er stefnt eða hversu vel hann hefur nálgast þau. Þar sem

markmiðin eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim er augljóst að matsaðferðir verða að vera fjölbreytilegar. Þær verða að hafa markmiðunum og endurspeglu áherslur í kennslu. Þess er enginn kostur að meta námsgengi og framfarir eingöngu með prófum og öðrum formlegum aðferðum. Mörg markmið eru þess eðlis að einungis óformlegum aðferðum verður við komið. Niðurstöður námsmats verða því að byggjast jöfnum höndum á óformlegu mati kennara og á formlegum aðferðum, s.s. prófum og könnunum. Hafa verður hugfast að sum markmið eru þess eðlis að ekki kemur fram fyrr en seinna í lífinu hvort þeim varð náð eða ekki.

Námsmat á að vera óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta verður alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni og láta þá vega í samræmi við áherslur í náminu. Ekki er t.d. nægilegt að meta eingöngu hvaða þekkingu nemandi hefur tileinkað sér þar sem hluti kennslunnar beinist óhjákvæmilega einnig að öðrum tegundum markmiða. Mikilvægt er að meta bæði verklega og bóklega þætti og prófa ýmist skriflega, verklega eða munnlega eftir því sem við á.

Með því að meta stöðu nemenda í upphafi námstímabils má fá gagnlegar upplýsingar sem auðvelda skipulag kennslu og gera námið markvissara. Námsmat þarf einnig að fara fram jafnt og þétt á námstímanum. Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Upplýsinga um námsgengi verður því að afla jöfnum höndum með mati sem fram fer í hverri kennslustund og mati sem nær til lengri tímabila, t.d. skólaárs.

Samræmd og stöðluð próf

Auk óformlegra matsaðferða eins og huglægs mats kennara og formlegra mælinga, t.d. með skólaprófum, könnunum og skipulegum athugunum, eru gerðar samræmdar mælingar á námsárangri í stærðfræði og íslensku í 4. og 7. bekk og í nokkrum námsgreinum í 10. bekk. Samræmdum prófum í þessum bekkjum er einkum ætlað að mæla hvort áfangamarkmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum og forráðamönnum, starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu.

Niðurstaða skólamats og niðurstaða samræmdra prófa geta bætt hvor aðra upp og saman lagt til heildstæðar upplýsingar sem auðvelda nemendum að leggja mat á frammistöðu sína og árangur, veikar hliðar og sterkar og auðvelda skólum að skipuleggja kennslu við hæfi.

Skólar og einstakir kennarar eiga aðgang að greinandi prófum og öðrum mælitækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu. Stöðluð lestrarpróf, stærðfræðipróf, hreyfiþroskapróf, lesskimunarpróf sem spá fyrir um hugsanlegan lestrarvanda, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík mælitæki geta reynst afar gagnleg hjálpartæki til að greina vandamál snemma á skólagöngunni og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulegum aðgerðum.

Notkun niðurstæðna

Starfsmönnum skóla ber að gera nemendum og foreldrum og forráðamönnum vandlega grein fyrir því mati sem fram fer í skólanum.

Færa ber einkunnir nemenda og annan vitnisburð um skólagöngu þeirra reglulega til skráningar, ekki sjaldnar en árlega. Nemendur fá afhentan þennan vitnisburð á því formi sem skólinn kys að nota.

Vitnisburð verður að setja fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að nemendur og foreldrar og forráðamenn skilji hvað við er átt. Nota má tölur, bókstafi, orð eða aðra framsetningu en ljóst þarf að vera hvaða markmið eiga í hlut og hvaða viðmiðun um frammistöðu var notuð. Einnig er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir takmörkunum námsmats. Einkunn í tölustöfum segir t.d. lítið ef ekki fylgir skrifleg eða munnleg skýring á því hvernig hún er fengin og hvað hún þýðir. Lögð er áhersla á munnlegan vitnisburð auk skriflegs vitnisburðar, einkum á fyrstu námsárunum.

Skólum er frjálst að ákveða sjálfir með hvaða hætti niðurstöður námsmats skólans eru birtar nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra. Samræmi er æskilegt í framsetningu vitnisburðar í hverjum skóla. Nauðsynlegt er að gerð sé rækileg grein fyrir námsmatsreglum skóla og vitnisburðarkerfi í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og forráðmönnum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar, hvernig skólinn hyggst mæla eða meta hvort þær eru uppfylltar og hvers konar vitnisburðarkerfi eða einkunnaskali er notaður.

Peir sem í hlut eiga, nemendur, foreldrar og forráðamenn og starfsmenn skóla, verða allir að geta skilið niðurstöður námsmats á sama hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu. Það er í þágu nemenda og forráðamanna þeirra að sem skýrastar upplýsingar liggi fyrir um hvar nemandi stendur í námi, bæði út frá eigin getu og einnig í samanburði við aðra nemendur.

Pegar mat er lagt á framfarir eða frammistöðu nemenda með hliðsjón af markmiðum grunnskóla er nauðsynlegt að hafa tvennt til viðmiðunar. Annars vegar þann nemanda sem í hlut á; þá er lagt mat á framfarir hans, ástundun og árangur miðað við eigin forsendur. Hins vegar samanburð við aðra, t.d. jafnaldra í skólanum eða landinu öllu. Til þess að upplýsingar þær sem námsmat gefur verði trúverðugar, réttlátar og heiðarlegar og byggi upp raunhæft sjálfsmat nemenda verður að nota báðar þessar viðmiðanir.

Pegar um samræmd próf er að ræða skal gefa út yfirlit yfir heildarniðurstöður prófanna og dreifa til grunnskóla, foreldraráða við grunnskóla, framhaldsskóla og fræðsluyfirvalda. Heimilt er að láta öðrum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum.

MAT Á SKÓLASTARFI

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Í gildandi lögum um grunnskóla er í fyrsta skipti að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og

aðalnámskrá og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf stöðugt að vinna að því. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmat. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Viðmið fyrir sjálfsmat

Þau atriði, sem menntamálaráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, eru að sjálfsmatið sé:

- Formlegt. Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir því hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.
- Altækt. Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafnítarlega á öllum þáttum á hverju ári.
- Áreiðanlegt. Mikilvægt er að sjálfsmatið byggist á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á skráðum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra og forráðamanna, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.
- Samstarfsmiðað. Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og forráðamanna og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.
- Umbótamiðað. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.
- Árangursmiðað. Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

- Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum, og mat á stjórnun og kennslu.
- Lýsandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt, hnitmiðuð lýsing á starfsemi skólans (texti, myndir, töflur). Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.
- Greinandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrkleika- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.
- Opinbert. Fyrir fram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Ytra mat og úttektir á skólastarfi

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

Menntamálaráðuneytið getur látið gera úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum

Úttektum á sjálfsmatsaðferðum skóla er ætlað að veita upplýsingar um hvernig grunnskólar uppfylla ákvæði laga um mat á skólastarfi. Þessar úttektir fela ekki í sér að fjalla eigi efnislega um einstaka þætti skólastarfsins eða bera saman skóla heldur er þeim ætlað að kanna hvort þær aðferðir, sem beitt er við sjálfsmat, uppfylli faglegar kröfur og styðji umbætur í skólum.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og nemenda. Þau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, sem fjallað er um hér að ofan, liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

TENGL HEIMILA OG SKÓLA

Þrír hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar og forráðamenn. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.

Foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sækji skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra og forráðamenn í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og heimili og skóla sem vettvang menntunar. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í einstökum bekkjardeildum eða samkennsluhópum og árgöngum bæði um

nám, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans. Skólastjórnendur og umsjónarkennarar bera meginábyrgð á að halda slíku virku samstarfi gangandi með aðstoð annarra kennara eftir þörfum og skulu kennarar kappkosta að hvetja foreldra og forráðamenn til að sýna frumkvæði í samstarfinu. Loks er mikilvægt að traust samstarf sé milli heimila og skóla um skólastarfið í heild, t.d. hvað varðar meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag, áhersluatriði í skólastefnu hvers skóla eða sveitarfélags. Gert er ráð fyrir að foreldrar og forráðamenn taki þátt í mótun skólasamfélagsins og vinni að því með stjórnendum skóla, kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd. Einnig að þeir taki í auknum mæli höndum saman til að tryggja börnum sem best uppeldisskilyrði og almenna velferð.

Öflugt foreldrastarf og sterk samstaða um grundvallarviðmið er besta forvörnin gegn hvers kyns vá, t.d. neyslu fíkniefna og óæskilegri hegðun. Ef foreldrar og forráðamenn nemenda í bekk eða skóla ná að stilla saman strengi hvað varðar meginviðmiðanir í uppeldismálum aukast líkur á árangri í skólastarfinu, bæði hvað varðar námsárangur og almenna velferð nemenda.

Upplýsingamiðlun

Fjölskylda, skóli og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun einstaklingsins. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að gagnkvæmu trausti milli foreldra og forráðamanna og starfsfólks skóla. Með auknum kynnum þeirra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið, t.d. í tengslum við heimanám, aukast líkur á vellíðan nemenda og árangri. Það er mjög mikilvægt að foreldrar og forráðamenn fylgist vel með skólagöngu barna sinna, líðan þeirra í skóla, námsárangri og framförum. Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar og góðar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans. Foreldrar og forráðamenn skulu upplýsa skólann sem best um hagi barnsins og almennan þroska og greina frá þeim þáttum sem geta haft áhrif á líðan þeirra og frammistöðu í skólanum.

Foreldrafélög

Starfsemi foreldrafélaga í grunnskólum er í stöðugri þróun. Ákvarðanatöku í skólamálum hefur færst nær foreldrum og forráðamönnum en það undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra. Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern skóla eru tvímælalaust af hinu góða. Foreldrar og forráðamenn hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun. Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að þeir sem tengjast stjórnun og rekstri slíks félags velti fyrir sér markmiðum félagsins og hvernig megi skipuleggja starfið svo að þau markmið náist. Með virkri starfsemi foreldrafélaga er hægt að stilla saman strengi í ýmsum hagsmunamálum og velferðarmálum með hagi barna að leiðarljósi. Foreldrafélög skulu leggja áherslu á sem virkast foreldrastarf í einstökum bekkjardeildum eða umsjónarhópum. Foreldrafélög skulu hafa sem best samstarf við foreldraráð og nemendaráð.

Foreldraráð

Foreldraráð eru vettvangur sem grunnskólar hafa til að kynna áform sín og fá formleg viðbrögð foreldra og forráðamanna við þeim. Hlutverk foreldraráðs er einkum að fjalla

um og gefa umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá sem öllum skólum er skylt að gefa út árlega. Foreldraráð á einnig að fylgjast með því að áætlanir séu kynntar foreldrum og forráðamönnum svo og að fylgjast með framkvæmd þeirra. Brýnt er að þeir nýti þennan formlega vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Foreldraráð skal einnig fá til umsagnar allar áætlanir sveitarfélaga um stærri breytingar á skólahaldi svo og áætlanir sem miða að verulegum áherslubreytingum í starfsháttum. Foreldraráðin geta með öflugri starfsemi veitt skólum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald og komið með raunhæfar tillögur til umbóta. Einstök sveitarfélög eða grunnskólar geta einnig samið við foreldraráð grunnskóla um að víkka út hlutverk þeirra hvað varðar aðkomu að stefnumótun í skólamálum.

VELFERÐ NEMENDA

Auk nemenda eru í skólasamfélaginu kennarar og aðrir starfsmenn skólanna og foreldrar og forráðamenn. Samstarf og samábyrgð þarf að ríkja í skólasamfélaginu og stjórnendur skóla, kennarar og aðrir starfsmenn skóla jafnt og foreldrar og forráðamenn þurfa að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni sem fyrirmyndir.

Umsjónarkennarar gegna í þessu sambandi veigamiklu hlutverki. Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann er öðrum fremur tengiliður skólans við heimilin og einnig fylgist hann náíð með námi nemenda sinna og þroska og breytingum á högum og atferli nemenda sem skipt geta máli hvað varðar frammistöðu og líðan þeirra í skólanum. Hann leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar þá og ráðleggur þeim um persónuleg mál. Umsjónarkennarar og námsráðgjafar gegna að þessu leyti mjög mikilvægu hlutverki.

Mikilvægt er að nemendur geti leitað til hvaða starfsmanns skóla sem er með mál sem snúa að velferð sinni og líðan og að brugðist sé við strax og á viðeigandi hátt ef upp koma vandamál af einhverju tagi, t.d. stríðni, einelti, agabrot eða vanlíðan.

Mikilvægt er að allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skóla, foreldrar og forráðamenn og nemendur, taki þátt í umræðum og komi að stefnumótun í þeim fjölmörgu málefnum sem snúa að því sem fram fer í skólanum, hvort heldur um er að ræða námið sjálft eða andlega og félagslega vellíðan nemenda. Í skólum starfa foreldraráð, kennararáð og nemendaráð sem eiga m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Skólastjóri skal sjá til þess að þessi ráð vinni sem best saman og að milli þeirra ríki gagnkvæmur skilningur, virðing og trúnaður. Börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós á lýðræðislegan hátt í öllum málum sem þau varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Því þarf að leita allra leiða í skólum til að treysta almenna velferð nemenda í samvinnu við foreldra og forráðamenn og tryggja að nemendur hafi tækifæri til að tjá sig um mál sem þá varðar og taka þátt í mótun skólasamfélagsins á lýðræðislegan hátt í samræmi við aldur og þroska. Þó verður ætíð að hafa hugfast að grunnskólanemendur eru ósjálfráða og lúta forsjá fullorðinna.

Við hvern grunnskóla skal starfa nemendaráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Í nemendaráði skulu sitja fulltrúar úr hverjum árgangi í 6.-10. bekk sem nemendur velja sjálfir. Nemendaráð á m.a. að vinna að félags- hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendaráðin skulu fá skólanámskrá til kynningar og aðrar áætlanir um skólahaldið svo og fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldinu og starfsemi skólans. Með virkri starfsemi nemendaráða fá nemendur

tækifæri til lýðræðislegrar þátttöku í hagsmunamálum sínum og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Skólastjóri skal sjá til þess að skólareglur séu settar. Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra og forráðamanna. Því er afar mikilvægt að sjónarmið foreldra og forráðamanna fái notið sín við setningu skólareglna hvers skóla og að þeir séu sáttir við reglurnar. Á sama hátt er nauðsynlegt að fulltrúar nemenda eða nemendaráðs komi að gerð skólareglna og geti túlkað reglurnar fyrir skólafélögum og beri þannig nokkra ábyrgð á þeim. Samfara skólareglunum ber að birta viðurlög við brotum á þeim þannig að öllum aðilum sé ljóst hvaða reglur gildi í skólanum og hvaða viðurlög séu við brotum á þeim. Mikilvægt er að foreldrum og forráðamönnum sé gerð grein fyrir agabrotum barna sinna og að gripið sé sem fyrst með samræmdum hætti inn í mál þegar um brot á skólareglum er að ræða.

Mikilvægt er að allir grunnskólar komi sér upp forvarnaráætlun sem birt er í skólanámskrá. Í forvarnaráætlun skal m.a. fjallað um áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum. Einnig skal fjallað um varnir gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi og með hvaða hætti skólasamfélagið hyggst bregðast við ef mál af þessu tagi koma upp. Samhæfð áætlun um hvernig bregðast skuli við ef upp kemst um einelti í skólanum verður að vera til og öllum aðilum þarf að vera ljóst hver vinnur með slík mál innan skóla og hvernig. Kynna skal forvarnaráætlun skólans öllum aðilum skólasamfélagsins, starfsfólki skóla, foreldrum og forráðamönnum og nemendum.

Ein af grundvallarréttindum nemenda eru þau að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja mikla áherslu á að skapa góðan vinnuanda í hverjum skóla og í einstökum bekkjardeildum. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og háttvísa framkomu. Einnig ber að leggja áherslu á að styrkja sjálfsvirðingu nemenda, sjálfsmynd, borgaravitund, virðingu nemenda gagnvart öðrum og eigum annarra. Þá aukast líkur á því að skólabragur verði jákvæður og að nemendum líði sem best í skólanum.

Brýnt er að skólahúsnæðið, búnaður skólans, tækjakostur, skólalóð og leið barna í skólann sé örugg. Reglulega þarf að hafa eftirlit með tækjabúnaði skólans, slysavörnum, eldvörnum og almennum hollustuháttum. Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Skólahúsnæði skal taka mið af þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskólinn skal haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Mikilvægt er að allir skólar setji sér öryggisreglur og skipuleggi slysavarnir.

Efla þarf vitund nemenda um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi og starfi og geti gert raunhæfar áætlanir um nám og störf í framtíðinni. Leggja ber áherslu á að nemendur átti sig á sterkum og veikum hliðum sínum og auki sjálfsþekkingu til að geta betur tekist á við kröfur samfélagsins, bæði í áframhaldandi námi, einkalífi og atvinnulífi. Nemendur í efri bekkjum grunnskóla skulu eiga kost á náms- og starfsráðgjöf á vegum skólans.

Í grunnskólalögum eru ákvæði um að í öllum grunnskólum skuli nemendum gefinn kostur á því að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans. Í tómstundastarfi barna á að marka leiðir til að auka færni þeirra til að takast á við dagleg viðfangsefni, úrræði til að efla sjálfstraust þeirra, félagslegan og siðferðislegan

styrk, andlegan, sálrænan og líkamlegan þroska. Í félagsstarfi skólanna skal m.a. stefna að því að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf og einnig skal leggja áherslu á jákvæð samskipti og fjölbreytt félagsstarf í samræmi við áhuga nemenda, aldur og þroska. Mikla áherslu skal leggja á heilbrigða og holla lífshætti og gildi reglubundinnar hreyfingar og líkamsræktar.

UNDANÞÁGUR FRÁ AÐALNÁMSKRÁ

Grunnskólinn er lögboðinn og öllum nemendum á aldrinum 6–16 ára er skylt að sækja skóla. Námið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er skyldunám og því ekki um undanþágur að ræða frá aðalnámskrá. Þó eru í grunnskólalögum nokkur ákvæði sem heimila undanþágur frá skyldunámi og fyrirmælum aðalnámskrár.

Meginreglan er sú að börn byrja í grunnskóla á því almanaksári sem þau ná sex ára aldri. Samkvæmt grunnskólalögum má þó flýta eða seinka skólabyrjun í sérstökum tilvikum. Skólastjóri getur heimilað að barn hefji skólagöngu fimm ára eða sjö ára ef foreldrar og forráðamenn fara fram á það og sérfræðipjónusta skóla mælir með því.

Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum. Hér er átt við að mjög dugmiklir nemendur geti útskrifast úr grunnskóla einu eða jafnvel tveimur árum fyrr en aldur þeirra segir til um. Eðlilegt er að leggja það í hendur skólans með aðstoð sérfræðipjónustu skóla og að fengnu samþykki foreldra og forráðamanna að meta hvenær og hvernig flýting að þessu tagi fer fram.

Nemendur í 8. og 9. bekk eiga kost á því að þreyta samræmd lokapróf í einstökum námsgreinum, með samþykki forsjáraðila, ef þeir að mati skólastjóra og umsjónarkennara hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í þeim námsgreinum. Nemandi er heimilt að endurtaka samræmt lokapróf einu sinni. Ef nemendur ljúka samræmdu prófi í einstökum námsgreinum í 8. eða 9. bekk grunnskóla geta þeir sótt um að ljúka öllu skyldunámi í viðkomandi grein og útskrifast þá fyrr úr grunnskóla í þeirri grein og hafið nám í framhaldsskóla í henni samhliða námi í grunnskóla. Þannig fækkar vikulegum kennslustundum í greininni sem því nemur. Með þessu fyrirkomulagi er verið að hvetja til þess að skil milli grunn- og framhaldsskóla verði fljótandi og að nemendur geti lagt stund á nám á báðum skólastigum samtímis. Nemendur þurfa að ljúka öllu námi grunnskóla samkvæmt aðalnámskrá áður en þeir útskrifast úr grunnskóla. Grunnskólar eru einnig hvattir til þess að bjóða slíkum nemendum upp á að dýpka þekkingu sína í þessum greinum innan grunnskólans eða bjóða nemendum upp á fjölbreytt val í öðrum greinum, allt eftir áhuga nemenda.

Menntamálaráðherra getur veitt sveitarfélögum eða öðrum rekstraraðilum heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákvæðna þætti skólastarfs. Í slíkum tilvikum er heimilt að veita undanþágu frá aðalnámskrá grunnskóla. Getur slík undanþága t.d. varðað nám, starfstíma skóla, kennslutilhögun, stundafjölda, frávik frá viðmiðunarstundaskrá og frávik frá aðalnámskrá, t.d. að starfað sé eftir viðurkenndum námskrám annarra landa eða alþjóðlegum námskrám. Slíkum tilraunum skal ávallt setja eðlileg tímamörk og menntamálaráðuneytið skal ávallt leggja mat á slíkar tilraunir.

Grunnskólalög heimila skólastjóra að leyfa nemandi að hverfa tímabundið frá námi að loknum 9. bekk samkvæmt umsókn og með samþykki foreldra og forráðamanna. Skilyrði, sem lögin setja, eru þau að frestun á lokum skyldunáms sé til komin vegna þátttöku í atvinnulífi og að veita megri frest í eitt ár að hámarki. Mikilvægt er að skólanefnd sé höfð með í ráðum áður en slík heimild er veitt enda ber henni að sjá til

Þess að viðkomandi nemandi komi aftur í skólann og ljúki skyldunámi. Gert er ráð fyrir að þessi frestun sé einungis veitt í algjörum undantekningartilvikum og að skólar reyni allar aðrar leiðir áður. Í stað þess að nemandi hverfi til þátttöku í atvinnulífi í heilt ár er eðlilegt að skólar skipuleggi hluta af náminu í samvinnu við atvinnulífið, þ.e. að nemandi fái undanþágu frá skólasókn að hluta til starfsþjálfunar eða vinnustaðanáms undir eftirliti skólans og fái nemandinn það metið sem hluta af skyldunámi. Vinna þarf að slíkum lausnum með foreldrum og forráðamönnum og sérfræðipjónustu skóla.

Samkvæmt grunnskólalögum er heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein ef gild rök mæla með því. Þá er t.d. átt við undanþágu nemenda með annað móðurmál en íslensku frá skyldunámi í dönsku og undanþágu fyrir nemendur með sérþarfir eða fötlun frá ákveðnum námsgreinum. Einnig er hægt að nýta þessa undanþáguheimild fyrir nemendur sem hafa sýnt afburðaárangur á ákveðnu sviði, t.d. í íþróttum, og hefur menntamálaráðuneytið útbúið leiðbeinandi reglur um meðferð slíkra mála. Skólastjórum grunnskóla er heimilt samkvæmt grunnskólalögum, ef gildar ástæður eru fyrir hendi, að veita nemanda undanþágu frá skyldunámi í tiltekinni námsgrein.

Einnig er skólastjóra grunnskóla heimilt samkvæmt lögum að viðurkenna nám utan grunnskóla sem jafngildi náms í skyldunámsgrein. Sem dæmi um þetta má nefna að viðurkenna kunnáttu í öðrum erlendum málum í stað ensku og dönsku og nám við tónlistarskóla og málaskóla. Einnig er heimilt að meta tímabundna þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám enda sé það skipulagt í samráði við skóla.

Mikilvægt er að skólinn sýni nærgætni og skilning þegar fjallað er um málefni sem tengjast heimilum, t.d. neyslu- og lífsvenjur. Þetta á sérstaklega við um trúar- og lífsskoðanir. Með hliðsjón af sérstöðu þessara þátta, einkum hvað varðar trúfrelsi, er heimilt að veita einstökum nemendum undanþágu frá ákveðnum þáttum skyldunáms. Skólinn og heimilið skulu sjá til þess í sameiningu að þessir nemendur fái jafnvæg tækifæri til menntunar og þroska.

Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar og forráðamenn skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr í námi meðan á undanþágutímanum stendur.

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla

1. gr.

Með vísan til 29. og 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi frá og með 1. ágúst 2007. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2007-2008 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 24. febrúar 1999 úr gildi.

2. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út í þrettán hlutum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og tólf greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla eru meðal annars tilgreindar kjarnagreinar, fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan, meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í greinahlutum aðalnámskrár grunnskóla, sem eru tólf alls, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Greinahlutarnir bera þessi heiti:

Erlend tungumál
Heimilisfræði
Hönnun og smíði
Íslenska
Íþróttir - líkams- og heilsurækt
Kristinfræði, siðfræði, trúarbragðafræði
Listgreinar
Lífsleikni
Náttúrufræði og umhverfismennt
Samfélagsgreinar
Stærðfræði
Upplýsinga- og tæknimennt.

Menntamálaráðuneytið gefur út greinahluta aðalnámskrár á tímabilinu janúar 2007 til ágúst 2007 og tilkynnir jafnóðum sveitarfélögum um útgáfu þeirra.

Menntamálaráðuneytinu 20. desember 2006.


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir


Guðmundur Árnason